

Stjórnarháttayfirlýsing Stefnis 2025



Inngangur

Stjórn Stefnis hf. telur góða stjórnarhætti vera veigamikinn þátt í árangri Stefnis sem leiðandi sjóðastýringarfyrirtækis á Íslandi. Stjórnarhættir sjá fyrirtækjum fyrir ramma þar sem markmið eru skilgreind, hvaða töl skulu notuð til að ná þeim markmiðum og hvernig árangur markmiðanna er mældur. Góðir stjórnarhættir eiga að stuðla að réttum hvötum stjórnar og stjórnenda til að sækja þau tækifæri sem þjóna hagsmunum fyrirtækisins, hluthafa og almennings, jafnframt því sem góðir stjórnarhættir auðvelda einnig stjórn að sinna eftirlitshlutverki sínu á skilvirkan hátt.

Með þessari yfirlýsingu um stjórnarhætti Stefnis er félagið að fylgja þeim kröfum sem koma fram í viðurkenndum leiðbeiningum sem eru til staðar á þeim tíma sem ársreikningur þessi er samþykktur af stjórn félagsins með vísan til 66 gr. c. laga nr. 3/2006, um ársreikninga.

Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, 6. útgáfa, útgefnar af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq OMX Iceland hf. og meginreglur G20/OECD um stjórnarhætti fyrirtækja frá 2015 voru sérstaklega hafðar til hliðsjónar þegar yfirlýsing um stjórnarhætti Stefnis var samin. Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja má nálgast á leidbeiningar.is og meginreglur G20/OECD um stjórnarhætti fyrirtækja má finna á hér.

Stefnir var á árinu 2012 fyrst íslenskra fyrirtækja til að hljóta viðurkenninguna „Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum“. Viðurkenningin var fyrst veitt af Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands að undangenginni úttekt endurskoðunarfyrirtækisins

KPMG. Stefnir hefur hlotið endurnýjun viðurkenningarinnar með reglubundnum hætti og er eins og áður til fyrirmyndar á Íslandi þegar kemur að góðum stjórnarháttum.

Stefnir hf. er sjálfstætt starfandi fjármálastofnun skv. lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Félagið starfar á grundvelli starfsleyfa frá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands sem rekstrarfélag verðbréfasjóða samkvæmt heimild í lögum nr. 116/2021 um verðbréfasjóði og sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða samkvæmt heimild í lögum nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Auk þess tekur starfsleyfi rekstrarfélagsins til eignastýringar, fjárfestingaráðgjafar og vörslu og umsýslu hlutdeildarskírteina eða hluta sjóða um sameiginlegafjárfestingu. Stefnir er með um 336 milljarða króna í sjóðastýringu í árslok 2024. Hjá Stefni starfa 20 einstaklingar með fjölbreytta þekkingu og reynslu á innlendum og erlendum fjármálamörkuðum.

Stefnir er dótturfélag Arion banka hf. Félagið er að fullu í eigu bankans og tengds félags. Stjórnarháttayfirlýsing Stefnis er liður í að stuðla að opnum og traustum samskiptum stjórnar, hluthafa og annarra hagaðila en þá má m.a. skilgreina sem; eigendur í sjóðum sem Stefnir rekur, aðila sem þjónusta og koma að rekstri Stefnis, starfsfólk, auk almennings.

Starfsemi félagsins eru háð starfsleyfi sem er gefið út af Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands. Um starfsemina gilda m.a. lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og lög um verðbréfasjóði nr. 116/2021 og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða nr. 45/2020. Stefnir sætir eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands skv. lögum nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Lýsing á meginþáttum innra eftirlits, áhættustýringar og reikningsskila

Áhættustýring og virkt innra eftirlit er ein af meginstoðum ábyrgs reksturs sjóðastýringarfyrirtækis. Stjórn staðfesti áhættustefnu félagsins um mitt ár 2024. Í áhættustefnunni segir m.a.:

„Í starfsemi félagsins skal áhætta greind, mæld og metin auk þess að vera undir eftirliti samkvæmt þeim viðmiðum sem sett eru í starfseminni hverju sinni. Áhættuvilja stjórnar Stefnis skal miðlað til starfsfólks og vera hluti af upplýstri ákvarðanatöku í félaginu.“

Með því að setja fram skýra áhættustefnu vill stjórnin ýta undir og styðja við fyrirtækjamenningu innan Stefnis, sem einkennist af ríkri áhættuvitund.

Áhættuvilji félagsins hefur verið skilgreindur og var sú vinna byggð á alþjóðlegum fyrirmyndum sem aðlagðar voru að íslenskum aðstæðum og félaginu. Endurskoðunar- og áhættunefnd félagsins tók þátt í undirbúningsvinnu við skilgreiningu á áhættuviljanum og þolmörkum hans. Stjórn Stefnis tekur árlega áhættuvilja félagsins til endurskoðunar með tilliti til breytinga í innra og ytra umhverfi félagsins.

Áhættustjóri Stefnis ber ábyrgð á greiningu og mati á fjárhagslegum áhættum og rekstraráhættum félagsins. Áhættustjóri tekur virkan þátt í mótun áhættustefnu og áhættuvilja og hefur aðkomu að viðameiri ákvörðunum um áhættustýringu. Regluvörður, innri endurskoðandi og áhættustjóri kynna reglulega niðurstöður úttekta fyrir stjórn Stefnis og endurskoðunar- og áhættunefnd. Allar eftirlitsaðgerðir eru skjalaðar, farið er yfir þær með reglubundnum hætti af þeim aðilum sem sinna eftirliti þ.m.t. áhættustjóra og er endurskoðunar- og áhættunefnd kynnt framvinda eftirlitsaðgerðanna. Regluvörslu og innri endurskoðun er útvistað með leyfi Fjármálaeftirlitis Seðlabanka Íslands til Arion banka og starfa aðilarnir samkvæmt erindisbréfi frá stjórn Stefnis.

Uppbygging og skipulag stjórnarháttanna eru lykilþættir í að stuðla að skilvirkri stjórnun félagsins, aðskilnaði starfa og til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra. Stjórnarháttir Stefnis hafa verið metnir og telur stjórn að félagið starfi eftir þeim viðmiðum sem þar eru sett fram sem besta framkvæmd varðandi stjórnarhátti.

Stefnir hefur innleitt stefnu um hagsmunaárekstra. Markmið stefnunnar er að vernda viðskiptavinum, og sjóðsfélaga, auk þess að standa vörð um óhæði og orðspor félagsins og starfsfólks þess. Stefnan gildir um stjórn jafnt og starfsfólk og í stefnunni felst að félagið geri allar tiltækar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar skaði hagsmuni sjóðsfélaga. Á heimasíðu Stefnis má finna úrdrátt úr stefnunni auk annarra reglna sem snúa að takmörkun á hagsmunaárekstrum s.s. reglum um verðbréfavíðskipti starfsfólks Stefnis.

Gerð reikningsskila félagsins eru í höndum fjármála-sviðs Arion banka, en Stefnir hefur fengið leyfi Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands fyrir útivistun sviðsins. Arion banki er jafnframt vörslufyrirtæki Stefnis og eru gengisútreikningar sjóða í rekstri Stefnis í höndum bankans.



Endurskoðunar- og áhættunefnd tekur uppgjörfélagsins til skoðunar og fær álit ytri endurskoðanda á hálfárs og ársuppgjörum Stefnis og þeirra sjóða sem Stefnir rekur. Skýrslugjöf til stjórnar vegna reikningsskila er í höndum nefndarinnar en stjórn hittir einnig ytri endurskoðendur félagsins, Deloitte.

Gildi og samfélags ábyrgð

Í stefnumótunarvinnu sem lokið var á árinu 2023 voru áherslur í rekstri Stefnis til næstu ára ákveðnar. Stjórn og starfsfólk tóku virkan þátt í vinnunni og voru fjöldi lykilmælikvarða ákveðnir sem styðja við og efla Stefni sem leiðandi sjóðastýringarfélag á Íslandi.

Gildin sem ákveðin voru í stefnumótunarvinnu stjórnar og starfsfólks árið 2022 eru fagleg, framsýn og ábyrg. Kennisetningin „Saman sköpum við verðmæt tækifærimed framsýni og ábyrgð að leiðarljósi“ er góð lýsing á þeim samtakamætti sem ríkir innan félagsins þar sem litið er til framtíðar af ábyrgð með hag viðskiptavina okkar í fyrirrúmi.

Kennisetning félagsins er „Samtaka í sterku liði“ sem lýsir vel fyrrgreindum samtakamætti heildarinnar.

Stjórn samþykkti siðareglur árið 2024 sem endurspeglar þau siðferðisviðmið sem stjórn og starfsfólk vinna eftir en

önnur viðmið um sama efni má einnig finna í ráðningarsamningum starfsfólks, stefnu um hagsmunaárekstra og starfsreglum stjórnar.

Stefna um sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð var samþykkt af stjórn 2024. Stefnan lýsir sjálf bægni-áherslum Stefnis til lengri tíma og hvernig félagið tileinkar sér sjálfbærni í starfsemi þess og við stýringu fjármuna samkvæmt umboðsskyldu félagsins. Stefnuna má finna á heimasíðu Stefnis.

Í stefnu félagsins um fjölbreytileika, jafnrétti og þátttöku sem samþykkt var 2024 koma fram þau viðmið sem stjórn hefur sett félaginu hvað varðar fjölbreytileika og jafnrétti. Stjórn Stefnis samþykkti endurskoðaða stefnu um ábyrgar fjárfestingar í september 2023 og unnið hefur verið eftir stefnunni við stýringu sjóða. Stefnan lýsir umgjörð Stefnis vegna samþættingar, umhverfismála, félagslegra þátta, góðra stjórnarháttanna (UFS) og sjálfbærni við fjárfestingarákvarðanir. Stefnan byggir meðal annars á reglugerð ESB nr. 2019/2088 um sjálfbærni tengda upplýsingagjöf í fjármálaþjónustu (SFDR).

Stefnir er aðili að PRI (e. Principles for Responsible Investment) og skuldbindur sig þar með til að veita upplýsingar um hvernig tekið er tillit til umhverfisþátta, félagslegra þátta og stjórnarháttanna við stýringu fjárfestinga. Félagið er stofnaðili að samtökunum Iceland SIF, sem stofnuð voru árið 2017.

Iceland SIF er sjálfstæður vettvangur fyrir umræður og fræðslu um ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar. Stefnir er aðili að viljayfirlýsingu um fjárfestingar í þágu sjálfbærrar uppbyggingar. Fjármagn er mikilvægt hreyfiafl í mótun atvinnulífs og atvinnusköpunar í þeirri uppbyggingu. Ábyrgir og fjölbreyttir fjárfestingakostir og ítarleg upplýsingagjöf eru lykilatriði í framkvæmd og sýnileika þeirrar samfélagslegu ábyrgðar sem félagið vill standa fyrir. Stjórn Stefnis hefur samþykkt stefnu umábyrgar fjárfestingar sem snýr að fjárfestingum sjóða í rekstri félagsins og með hvaða hætti Stefnir getur haft jákvæð áhrif á samfélag okkar, eigendum sjóða og öðrum haghöfum til góðs.

Stjórn

Stjórnarmenn Stefnis eru þrír. Meirihluti stjórnarmanna eru óháðir Arion banka hf., móðurfélagi Stefnisog félaginu sjálfu. Allir stjórnarmenn eru kjörnir á hluthafafundi félagsins. Framkvæmdastjóri er ráðinn af stjórn og sinnir daglegum rekstri félagsins í þeirra umboði. Stjórnarfundir eru haldnir reglulega, að jafnaðimánaðarlega, en oftast ef þurfaþykir. Stjórnarfundir á árinu voru 10 og var stjórn í öllum tilvikum ákvörðunarþær. Starfsreglur stjórnar Stefnis má finna á heimasíðu félagsins auk samþykktu félagsins.

Í stjórn Stefnis eiga sæti tvær konur og einn karl. Öll eru með fjölbreyttan bakgrunn og menntun ásamt því að hafa víðtæka reynslu úr atvinnulífinu á sviði rekstrar og stjórnunar. Stjórnarmenn eru Sigrún Ragna Ólafsdóttir, formaður, Guðmundur Jóhann Jónsson, og Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir.

Sigrún Ragna er fædd árið 1963. Sigrún Ragna er sjálfstætt starfandi en hún er fyrrum forstjóri VÍS og Lífís á árunum 2011-2016. Áður starfaði hún sem framkvæmdastjóri fjármálasviðs Íslandsbanka og þaráðurrhá Deloitte ehf., þar sem hún var meðeigandi. Sigrún Ragna er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og löggiltur endurskoðandi. Hún er með MBA próf frá Háskólanum í Reykjavík. Sigrún situr einnig í stjórn Ekinehf., Heklu ehf. Heklu fasteigna ehf. Ásamt því situr hún í stjórn Símanshf. og er þar varaformaður. Þáhefur hún setið í stjórnum fjölda fyrirtækja svo sem í Auðkenni ehf., Verði tryggingum hf., Reiknistofu bankanna hf. og Creditinfo Group hf. Sigrún hefur engin hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila Stefnis.

Guðmundur Jóhann er fæddur árið 1959.

Guðmundur er sjálfstætt starfandi en hann er fyrrum

forstjóri Varðar trygginga. Guðmundur situr einnig í stjórn Fareindar hf. og Stjórnborða ehf. Guðmundur er viðskiptafræðingur frá Seattle University. Hann útskrifaðist með MBA próf frá Edinborgarháskóla ásamt því hefur hann lokið Advanced Management Program (AMP) frá IESE Business School. Guðmundur hefur engin hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila Stefnis. Stjórn hefur metið Guðmund sem háðan stjórnarmann samkvæmtstarfsreglum sínum og kafla 2.3 í leiðbeiningum um góða stjórnarhætti í ljósi fyrrum ráðningarsambands við Vörð tryggingar sem er einnig dótturfélag Arion banka hf.

Hrefna Ösp er fædd árið 1969. Hrefna er forstjóri Creditinfo og fyrrum framkvæmdastjóri eignastýringar Landsbankans. Hrefna situr í stjórn Coripharma Holding hf., Vaxandi fjárfestingu hf. og Styrktarsjóði Arnarskóla. Hrefna er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og með löggildingarpróf í verðbréfi viðskiptum og hefur lokið AMP frá IESE Business School. Hrefna hefur engin hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila Stefnis.

Stjórnarmenn hafa ekki tekið að sér sérstök störf fyrir félagið en sérstaklega er fjallað um önnur störf, sem stjórnarmenn kunna að taka að sér, í starfsreglum stjórnar félagsins.

Sigrún Ragna Ólafsdóttir hefur gegnt stjórnarformennsku frá ágúst 2019, Guðmundur Jóhann Jónsson tók sæti í stjórn í maí 2022 og Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir tók sæti í stjórn Stefnis í desember 2022. Frekari upplýsingar um stjórn Stefnis er að finna á heimasíðu félagsins.

Undirnefndir stjórnar

Stefnir starfrækir endurskoðunar- og áhættunefnd. Nefndina skipa stjórnarmenn félagsins. Nefndin fundaði 7 sinnum á starfsárinu og var í öllum tilvikum ákvörðunarþær. Tveir fulltrúar í nefndinni eru óháðir félaginu og nýttist fjölbreytt þekking þeirra allra á rekstri félaga, endurskoðun og stjórnun vel í starfi nefndarinnar. Nefndin skilar árlegri skýrslu sinni til stjórnar á fyrsta ársfjórðungi hvers árs. Starfsreglur nefndarinnar eru aðgengilegar á heimasíðu Stefnis.

Stjórn Stefnis starfrækir einnig starfskjaranefnd. Nefndina skipa stjórnarmenn félagsins líkt og endurskoðunar- og áhættunefnd. Nefndin fundaði 3 sinnum á starfsárinu og var í öllum tilvikum ákvörðunarþær. Tilnefninganefnd er ekki starfrækt þar sem Stefnir er að fullu í eigu Arion banka og tengds félags.

Hlutverk stjórnar

Hlutverk stjórnar Stefnis hefur verið skilgreint með eftirfarandi hætti:

Meginhlutverk stjórnarinnar er að marka félaginu stefnu og að hafa eftirlit með framkvæmd hennar. Kjarni stefnunnar er að félagið sé leiðandi aðili meðal sjóðastýringarfyrirtækja og að hagsmunir viðskiptavina, eigenda, starfsfólks og þjóðfélagsins í heild séu hafðir að leiðarljósi við ábyrga stýringu fjármuna. Áhersla er lögð á vandaða áhættustýringu og traustan og arðbæran rekstur. Stjórnin leggur áherslu á góða stjórnarhætti og að starf stjórnar og félagsins sé ávallt samkvæmt lögum, reglum og góðum viðskiptaháttum.

Hlutverk stjórnar er skilgreint ítarlegar í starfsreglum stjórnar og samþykktum félagsins. Stjórn hefur árlega metið störf sín, nefnda og stjórnarformanns og gert tillögur að úrbótum. Við það mat styðst stjórn við rafræna, nafnlausa spurningasvörun.

Matsniðurstöðurnar eru svo teknar til umfjöllunar á stjórnarfundum og tillögum stjórnar um úrbætur úthlutað til ábyrgðaraðila. Helstu atriði í árangursmati stjórnar eru verðmætasköpun og stefnumótun, dagskrá stjórnar og fundir, starfsfólk og menning, samsetning stjórnar, mat á stjórnarformanni, áhættustýring og upplýsingagjöf auk fleirri atriða sem skipta máli til að stjórn nái fram markmiðum sínum. Stjórn fer yfir árangursmatið og er þess getið í fundargerð.

Framkvæmdastjóri

Framkvæmdastjóri félagsins frá 1. maí 2022 er Jón Finnbogason fæddur 1973. Jón er lögfræðingur, með lögmannsréttindi (hdl.) og hefur lokið prófi í verðbréfa- viðskiptum. Jón hefur starfað á fjármálamarkaði við margvísleg stjórnunar- og sérfræðistörf í 23 ár. Jón var meðal annars sparisjóðsstjóri Byrs sparisjóðs og síðar forstjóri Byrs hf. á árunum 2009 – 2011 þegar hann tók við stöðu aðstoðarframkvæmdastjóra viðskipta-bankasviðs Íslandsbanka hf til 2013. Jón starfaði hjá Stefni á tímabilinu 2003 til 2008 og aftur 2013 til 2017 þegar hann veitti skuldabréfateymi félagsins forstöðu og var staðgengill framkvæmdastjóra. Jón var útlánastjóri Arion banka hf. á árunum 2017 – 2022. Jón er stjórnarmaður hjá Fimleikasjóði Íslands. Jón hefur engin hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila Stefnis.

Hvorki framkvæmdastjóri né tengdir aðilar eiga eignarhluti eða kauprétti í Stefni hf., en framkvæmdastjóri og

tengdir aðilar eiga hins vegar eignarhluti í og kauprétti að eignarhlutum í Arion banka hf., móðurfélagi Stefnis hf. Helstu skyldur framkvæmdastjóra eru að annast daglegan rekstur félagsins, fylgja stefnu félagsins eftir og fara eftir þeim fyrirmælum sem stjórn hefur gefið sbr. 1 mgr. 68 gr. hlutafélagalaga. Hann ber ábyrgð á upplýsingagjöf til innri og ytri eftirlitsaðila.

Framkvæmdastjóri er heimilt að veita öðru starfsfólki félagsins umboð til að fara með afmarkaðar heimildir starfsskyldu sinnar að fengnu samþykki stjórnar.

Starfsreglur stjórnar og fyrirkomulag samskipta hlutahafa og stjórnar

Starfsreglur stjórnar eru settar með vísan til 5. mgr. 70. gr. laga um hlutafélög. Efni reglnanna styðst að nokkru leyti við leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 1/2010 og samþykktir félagsins auk þess sem sú vinna sem unnin hefur verið hjá félaginu vegna viðurkenningar félagsins sem fyrirmyndarfyrirtækis í góðum stjórnarháttum.

Í starfsreglum stjórnar er með ítarlegum hætti fjallað um samskipti hlutahafa og stjórnar. Í meginráttum eruleglurnar á þá leið að formaður stjórnar ber ábyrgð á samskiptum stjórnar við hlutahafa. Formaður skal sjá til þess að stjórn sé upplýst um öll samskipti við hlutahafa og á hverjum stjórnarfundum skal gerð grein fyrir samskiptum við hlutahafa milli funda annað hvort munnlega eða skriflega. Starfsreglurnar í heild má nálgast á heimasíðu Stefnis.

Niðurlag

Stefnir hefur engan dóm hlotið fyrir refsiverðan verknað skv. almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um fjármálafyrirtæki, eða löggjöf um hlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld eða þeim sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi.

Stefnir hefur verið í fararbroddi á mörgum sviðum og lagt ríka áherslu á að bjóða viðskiptavinum upp á samkeppnishæfa og ábyrga fjárfestingarkosti í nær öllum eignaflokkum. Það er félaginu mikilvægt að miðla upplýsingum með nákvæmum og aðgengilegum hætti til fjárfesta. Heimasíða félagsins gegnir mikilvægu hlutverki í þessari upplýsingamiðlun og þar má finna ítarlegar upplýsingar um alla sjóði Stefnis sem standa almenningi til boða.